

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Lækjarhlíðar vegna Lækjarhlíðar 3 í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Lækjarhlíðar vegna Lækjarhlíðar 3, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 27. apríl 2005.

Breytingin felst í að leikskólalóðin er stækkuð til suðurs að lóðinni Klapparhlíð 7 og til vesturs að göngustíg. Byggingarreitur á lóð er stækkaður til norðurs og vesturs og hluti af bindandi byggingarlínu er felld burt. Fyrirkomulagi bílstæða er breytt lítillga og gert ráð fyrir samnýtingu bílstæða á lóðum skóla, íþróttamiðstöðvar og leikskóla. Fjöldi bílastæða er 32. Stærð lóðar er 4539 m², nýtingarhlutfall er 0,25 og hámarkshæð húss er 6 m, ein hæð og ris.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. maí 2005

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðanna Eyravegur 46 og 48 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. janúar 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna Eyravegur 46 og 48 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 29. nóvember 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 12. janúar 2005 til og með 9. febrúar 2005, með athugasemdafresti til og með 23. febrúar 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Selfossi, 12. maí 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.